



Félag atvinnurekenda
Kringlunni 7
103 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 11. júlí 2016
Tilv.: IRR13110075/17.19.2

Vísað er til bréfa félagsins dagsett 26. febrúar og 3. júní síðastliðinn þar sem félagið leggur fram fyrirspurn vegna álits Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015.

Álit Samkeppniseftirlitsins er mikilvægt innlegg í umræðu um uppbyggingu og skipulag á samgönguinnviðum hér á landi en með auknum samgöngum til og frá landinu er ljóst að takmörkuð gæði líkt og Keflavíkurflugvöllur er getur skipt sköpum þegar kemur að samkeppni. Í bréfi Félags atvinnurekenda eru lagðar fram þrjár spurningar tengdar álitinu 2/2016:


- Hefur ráðherra beitt sér fyrir aðgerðum til að draga úr samkeppnishindrunum við úthlutun afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli?
- Ef svo er, hvaða aðgerðum?
- Ef ekki, hvers vegna ekki?


Úthlutun afgreiðslutíma fyrir áætlun í alþjóðaflugi snýr að flóknu umhverfi alþjóðaviðskipta þar sem viðskiptin fara fram á grundvelli milliríkjasamninga m.a. loftferðasamninga. Íslensk stjórnvöld hafa samkvæmt skuldbindingum EES samningsins innleitt Evrópureglur sem mæla fyrir um fyrirkomulag úthlutunar með ítarlegum hætti.

Í kjölfar álits Samkeppniseftirlitsins hefur innanríkisráðuneytið unnið að greiningu málsins og átt samráð við Samkeppniseftirlitið, Eftirlitsstofnun EFTA og Samgöngustofu um álit eftirlitsins, greiningu þess á umræddum markaði og uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Í vinnunni er metið það svigrúm sem stjórnvöld hafa til stuðla að aukinni samkeppni í áætlunarflugi um Keflavíkurflugvöll. Ljóst er að mögulegar aðgerðir verða að rúmast innan þess ramma sem ráðuneytinu er sett á grundvelli almennra laga og alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist.

Stefnt er að því að vinnunni ljúki í haust. Ráðuneytið þakkar áhuga félagsins á málefnum og er tilbúið að ræða við félagið um málefni á sviði samgangna.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurbergur Björnsson


Gunnar Örn Indriðason